

---

## 108. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir (Hovedindlæg)

Forseti, kærur norrænu kollegar og vinir. Ég fæ þann heiður að tala síðust norrænu ráðherranna í þessari umræðu og vil fyrst nota tækifærið til að þakka kollegum fyrir þeirra innlegg og fyrir að hafa lagt leið sína hingað til Íslands. Eitt kemur fyrst upp í hugann á þessum tímapunkti, eitthvað sem utanríkisráðherra Svíþjóðar, Maria Malmer Stenergard, hafði orð á í sínu upphafserindi, nefnilega hversu lánsöm sú þjóð er sem á góða granna. Þetta hefur sjaldan átt jafn vel við og einmitt nú. Við stöndum vissulega ekki öll í nákvæmlega sömu sporum en við getum samt öll glaðst yfir því að tilheyra þeirri heild sem norræna fjölskyldan er. Við deilum í breiðum skilningi menningu og sögu og hinn norræni tungumálaarfur er okkur öllum mjög mikilvægur. Fyrst og fremst deilum við sem búum á Norðurlöndum sýn á hvers konar samfélög við viljum skapa, hvers konar samfélögum við viljum búa í og hvernig við álítum að heimurinn eigi að vera með áherslu á mannréttindi og lýðræði og alþjóðlegt samstarf bæði á sviði viðskipta og stjórnmála, þar sem hver og ein manneskja fær að njóta ávaxta hæfileika sinna og þar sem einstaklingnum er frjálst að láta að sér kveða þar sem hann eða hana lystir án þess að eiga hættu á að sæta ofsóknum vegna kyns, uppruna, litarháttar, trúar eða kynhneigðar. Eitt veit ég: Við erum sannarlega lánsöm að geta treyst á þetta nána samstarf og samráð sem er fyrir hendi milli Norðurlandanna á öllum stigum frá okkur ráðherrum og þingmönnum og á milli kerfanna. Þetta samtal hefur sennilega aldrei verið eins mikilvægt og nú þegar við horfum upp á þá heimsmynd sem við okkur blasir. Mjög mikil vaxandi spenna í samskiptum stórveldanna í austri og vestri, styrjöld í Miðausturlöndum, ólöglegt innrásarstríð Pútíns í Úkraínu og hræðileg borgarastyrjöld í Súdan.

---

Að geta borið saman bækur og samræmt afstöðu þegar þess gefst nokkur kostur skiptir sköpum fyrir Ísland og ég tel reyndar að það geri það líka fyrir hin Norðurlöndin. Við höfum gert margt saman á árinu. Við fórum t.d. til Nígeríu og Ghana þar sem við norrænu utanríkisráðherrarnir fórum saman fyrr á þessu ári. Þar var sú staðreynd augljós að við erum öll að takast á við sömu áskoranirnar sama hvaðan við komum. Hjörtum mannanna svipar saman í Súdan og Grímsnesinu, orti skáldið Tómas Guðmundsson. Það er hins vegar fyrir hendi munur á viðnámsþrótti samfélaga og getu til að mæta áskorun nútímans, vaxandi skautun og upplýsingaóreiðu sem óprúttir aðilar standa fyrir og grefur því miður undan gildunum sem við metum mest, trú okkar á lýðræði og virðingu fyrir alþjóðalögum. Þar stöndum við á Norðurlöndum vel að vígi en við þurfum samt að gæta að okkur líka. Við þurfum að vinna okkar heimavinnu.

Ég þakka aftur kollegum mínum hér í dag fyrir þeirra framlag og sömuleiðis öllum þeim sem hafa tekið þátt frá þjóðþingum landanna. Með því að koma saman hér í Reykjavík í þessari viku hlúum við að sambandi okkar og treystum fjölskylduböndin og ræðum málin og þá hefur gott verk verið af hendi leyst.

## **Skandinavisk översättning**

President, kära nordiska kollegor och vänner! Jag får äran att tala sist av alla de nordiska ministrarna under den här debatten, och jag skulle vilja börja med att tacka mina kollegor för deras inlägg och för att ha rest hit till Island. Det är en sak som jag först kommer att tänka på när jag står här, något som den svenska utrikesministern Maria Malmer Stenergard nämnde i sitt inledande tal, nämligen hur tryggt det känns för ett land att ha goda grannar. Den sanningen har sällan varit mer relevant än just nu. Visserligen befinner vi oss inte alla i exakt samma situation, men vi kan ändå glädjas över att tillhöra den helhet som den nordiska familjen utgör. Vi delar i en bred bemärkelse både kultur och historia, och det nordiska språkarvet är mycket viktigt för oss alla. Först och främst delar vi som bor i Norden synen på vilken typ av samhälle vi vill bygga upp, vilken typ av samhälle vi vill bo i

---

och hur vi anser att världen borde se ut, och där prioriterar vi mänskliga rättigheter, demokrati och internationellt samarbete, vare sig det gäller handel eller politik, där varje människa kan skörda frukterna av sina färdigheter, och där det är fritt fram för individen att företa sig det som hen har lust till, utan att riskera förföljelse på grund av könstillhörighet, ursprung, hudfärg, religion eller sexuell läggning. En sak vet jag säkert: vi är sannerligen lyckligt lottade att kunna förlita oss på det nära samarbete och samråd som finns mellan de nordiska länderna, och som upprätthålls på alla nivåer från oss statsråd och parlamentariker till kontakter mellan förvaltningarna. Det samtalet har antagligen aldrig varit lika viktigt som nu, som världsläget ser ut. Växande spänningar mellan stormakterna i öst och väst, krig i Mellanöstern, Putins olagliga anfällsrig i Ukraina, och ett fasansfullt inbördeskrig i Sudan.

Att kunna samråda och att kunna koordinera uppfattningar i högsta möjliga grad är helt avgörande för Island, och jag tror faktiskt att det gäller de andra nordiska länderna också. Vi har gjort en hel del tillsammans under året. Jag kan nämna en resa som vi nordiska utrikesministrar gjorde till Nigeria och Ghana tidigare i år. Där bekräftades den uppenbara sanningen att vi jobbar alla med samma utmaningar, oavsett varifrån vi kommer. "Människans hjärta slår samma slag i Sudan som i Grímsnes," lyder en rad av poeten Tómas Guðmundsson. Olika länder har däremot olika stor resiliens och förmåga att möta vår tids utmaningar, den ökade polariseringen och ett informationskaos som göds av skrupelfria aktörer och undergräver tyvärr de värden som vi anser är viktigast, tron på demokrati och respekten för internationell rätt. Norden står starkt när det gäller detta, men vi måste ändå vara på vår vakt. Vi måste göra hemläxan.

Jag tackar igen mina kollegor som är med oss i dag för deras bidrag, samt alla deltagare från de nordiska parlamenten. Genom att träffas i Reykjavik under den här

veckan så stärker vi kontakten och familjebanden mellan oss, vi diskuterar olika frågor och därigenom har vi gjort ett bra arbete.

---

## Information

Tal nummer

108

Typ

Hovedindlæg

Person

[Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir](#)

Status

Waiting for transcription

Datum

30.10.24 09:57

--